



HRAFNISTA

Laugardís | Hárunavangur | Bodbæing
Nesvelli | Hlísvangur | Ísafold
Sléttuvegur | Skógarbær

Hrafnista 25.07.19

Efni: Athugasemdir við drög að stefnu um málefni einstaklinga með heilabilum.

Stjórn Hrafnistu fagnar að stefna í málefnum einstaklinga með heilabilun verði gerð.

Þær athugasemdir sem við viljum koma á framfæri eru:

Hvaða hlutverki gegna hjúkrunarheimili í málefnum einstaklinga með heilabilun og hvaða þjónustu við einstaklinga með heilabilun eiga þau að veita?

Hver á stefna dagdvala fyrir einstaklinga með heilabilun að vera og hvernig þjónustu á að veita þar?

Eins og fram kemur í stefnunni er varlega áætlað að um 70% íbúa hjúkrunarheimila séu með heilabilun sem telja um 1800 einstaklinga miðað við árið 2019. Einnig kemur fram í drögunum að góð þekking heilbrigðisstarfsfólks á einkennum og meðferðarmöguleikum sé lykillinn að góðum árangri.

Að okkar mati þurfa að vera skýrari línur varðandi starfsemi hjúkrunarheimila, hvaða hlutverki þau gegna í þjónustu við þennan hóp og hvaða kröfur eru gerðar um mönnun og þjálfun/fræðslu almennra starfsmanna á hjúkrunarheimilum sem sjá að mestu leyti um umönnun þessa hóps.

Einnig þarf að koma fram að sé það áfram stefna stjórnvalda að sérstaka aðstöðu þurfi fyrir þennan hóp þurfi að fylgja þeim hópi fjármagn með betri mönnun og betri þjálfun/fræðslu en á hefðbundnum deildum hjúkrunarheimila. Auka þarf áherslu á unga einstaklinga með heilabilun og þá sem eru með verulegar hegðunartruflanir. Til þess að það sé hægt að framkvæma á viðeigandi máta þarf aukið vægi í daggjöldum og aukna þjálfun starfsmanna, bæði almennra starfsmanna og heilbrigðisstarfsmanna.

Það er gert ráð fyrir hagfræðilegri úttekt á samfélagslegum og einstaklingsbundnum kostnaði við heilabilun á Íslandi, þar hlýtur að koma fram raunverulegur kostnaður við einstaklinga með heilabilun á hjúkrunarheimilum. RAI mælitækið er langt frá því að mæla raunverulega hjúkrunarþörf einstaklinga með heilabilun en er samt lagt til grundvallar við ákvörðun daggjalda að miklu leyti. Mælitækið þarfnast uppfærslu þar sem margt í því er úrelt í nútíma samfélagi.

Hjúkrunarheimilum þarf að gera fjárhagslega kleyft að manna samkvæmt mönnunarmódeli Embætti landlæknis sem er unnið á fagslegum og fræðilegum forsendum.

Lögræðis/fjármála/ráðsmaður er nauðsynlegur og þarf að vera hægt að gera einstaklingum með heilabilun kleift að fá ráðsmann.

Einnig kemur fram að starfsfólk á hjúkrunarheimilum þurfi sérstaka þekkingu og þjálfun til að geta veitt einstaklingi með erfið heilabilunareinkenni góða þjónustu ekki síst þá sem eru með atferlistruflanir. Mikilvægt er því að heimilin fái fjárhagslegt svigrúm til að vera með fullnægjandi fræðslu fyrir almennt starfsfólk sem og heilbrigðissmenntað starfsfólk. Við leggjum til að tillögur til aðgerða að fagmenntun sé til staðar til að sinna þeim meðferðaúrræðum sem nefnd eru í drögunum.

Gera þarf ráð fyrir tíma og fjármagni sem fer í fjölskyldur þessara einstaklinga, fjölskyldufundi og teymisfundi.

Varðandi dagþjálfun þá þarf að okkar mati að gera þjónustuna heildrænni s.s. hafa hvíldarinnlagnir í boði sem væru í samvinnu við viðkomandi dagþjálfun og í sama húsi ef kostur er. Meira samstarf við heimahjúkrun og heimaþjónustuna s.s. gera ráð fyrir að funda með þeim til að samfella verði í þjónustunni. Þegar fólk fer í hvíldarinnlögn þá á það að geta farið líka í sína dagþjálfun sérstaklega ef hún er í sama húsi. Það þarf að gera ráð fyrir því í fjárlögum. Gera þarf ráð fyrir því að það þurfi að veita einstaklings þjónustu fyrir mjög krefjandi einstaklinga, t.d. með því að fá auka mönnun inn á dagþjálfunina þegar um slíkt er að ræða. Ef gefa á aðstandendum meiri tíma og stuðning þá þarf einnig meiri mönnun. Mikilvægt er að auka þjónustuna með því að hafa opið lengur á daginn í dagþjálfuninni og um helgar (samanber tilraunaverkefni á Akureyri sem gengur mjög vel).

Virðingarfyllt og fyrir hönd Hrafnistuheimiliana

Hrönn Ljótisdóttir

Lilja Dögg Vilbergsdóttir

Elínborg Jóna Ólafsdóttir

Soffía Stefanía Egilsdóttir